

Halldór Árnason forseti ÞFI:

Vaxandi áhugi á samskiptum við Vestur-Íslendinga

Mikill áhugi á starfsemi ÞFI og samskiptum við Vestur-Íslendinga kom vel í ljós á Kynningarhátíð sem félagið stóð fyrir 12. janúar sl. Þjóðræknisfélagið hefur aldrei haldið eins og öfluga samkomu en um 300 manns mættu til leiks.

Æ fleiri Íslendingar sýna áhuga samskiptum við frændfólk okkar í Norður Ameríku, afkomendum íslensku landnemanna. Starfsemi Þjóðræknisfélagsins, sem er öllum áhugasömum opið, miðast öll að því að viðhalda íslenska menningararfinum í Norður-Ameríku með gagnkvæmum samskiptum. Félagsmenn eru nú rúmlega 500 talsins og hefur fjölgað verulega síðustu ár.

Áhersla verður lögð á að styrkja starf félagsins meðal ungs fólks og færa stefnumið félagsins til næstu kynslóðar líkt og hefur tekist vestan hafs í gegnum Snorraverkefnið. Við viljum tengja saman unga Íslendinga og unga afkomendur Vestur-Íslendinga, stuðla að vináttu þeirra á milli og samskipta á sem flestum sviðum. Gert er ráð fyrir að efna til samfagnaðar þessara hópa um miðjan júní þegar ungir þátttakendur í Snorraverkefninu koma hingað til lands.

Þá mun þjóðræknisfélagið leita til félagssamtaka og stofnana til þess að gerst aðilar að starfsemi félagsins með einhverjum hætti.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 17. apríl næstkomandi verða mótaðar stefnuáherslur ÞFI sem ræddar voru á Þjóðræknisþinginu á Akureyri 25. ágúst sl. Þessar áherslur verða kynntar á næstu vikum á heimasíðu félagsins www.inl.is.

Munið að greiða árgjaldið í ÞFI

Með fréttabréfinu fylgir greiðsluseðill vegna árgjalds Þjóðræknisfélagsins fyrir árið 2012 að upphæð 3.000 kr. Árgjaldinu er haldið í lágmarki en er félaginu ákaflega þýðingarmikið þar sem að tekjur af því standa undir stórum hluta starfsemi félagsins. Við hvetjum félagsmenn góðfúslega að greiða greiðsluseðilinn strax svo það gleymist ekki.

Ljósanótt 26. janúar 2013 - Atli og Þrúður heiðruð

Atli Ásmundsson aðalræðismaður Íslands í Winnipeg og Þrúður Helgadóttir kona hans, voru heiðruð á Ljósanótt, kvöldverðarhófi sem tímaritið Lögberg-Heimskringla stóð fyrir 26. janúar s.l. Þeim hjónum var þakkað fyrir farsælt starf s.l 9 ár og hafa samskipti Íslendinga og afkomenda Íslenskra landnema í Vesturheimi eflst svo um munar meðan Atli og Þrúður hafa starfað í Winnipeg.



Þrúður – Atli – dr. Ken - Grant



David - Heather Alda – Almar - Atli

Yfir 300 manns sóttu hófið sem haldið var í hátíðarsal Fort Garry hótelsins. Grant Stefanson stórnarformaður Lögbergs Heimskringlu stjórnaði samkomunni með glæsibrag og flutt voru nokkur ávörp. M.a. flutti Greg Selinger forsætisráðherra Manitoba þakkir f.h. fylkisins og Heather Alda Ireland aðalræðismaður í Vancouver flutti kveðjur frá Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra. Heiðursfélagi ÞFÍ, David Gislason flutti Atla og Þrúði ljóð sem hann orti í tilefni þessarar hátíðar og dr. Ken Thorlakson annaðist f.h. Lögbergs Heimskringlu útnefningu þeirra hjóna. Fulltrúi ÞFÍ í hófinu var Almar Grímsson frv. forseti ÞFÍ.

Ljóð Davids Gislason sem hann nefnir „**Ode to Atli and Thrúður**” verður birt á heimasíðu ÞFÍ www.inl.is með góðfúslegu leyfi höfundar.

Félagsmenn ÞFÍ fá aflátt hjá Bændaferðum

Bændaferðir veita skuldlausum félögum ÞFÍ afslátt á ferðum ferðaskrifstofunnar á slóðir vesturfara í sumar. Afslátturinn nemur 5.000 kr. á ferð á félag. Frekari upplýsingar veitir Jónas Þór hjá Bændaferðum í síma 570 2793 og á jonas@bendaferdir.is. (Logo Bændaferða)

Myndir Mats Wibe Lund af íslenskum sveitarbýlum

Mats Wibe Lund ljósmyndari og félagi í Þjóðræknisfélaginu hefur um langt árabil tekið myndir af íslenskum sveitarbýlum og jörðum, ýmist úr lofti eða láði. Hann býður félagsmönnum Þjóðræknisfélagsins 10% af þessum ljósmyndum. (Mynd af Mats?)

Atli lætur af störfum aðalræðismanns í Winnipeg

Í lok maí lætur Atli Ásmundsson aðalræðismaður í Winnipeg af störfum. Þjóðræknisfélagið færir Atla og konu hans Þrúði Helgadóttir sérstakar þakkir fyrir mikilvæg störf undanfarin níu ár. Á þeim tíma hafa samskipti Íslands við Vestur-Íslendinga eflst verulega frá því sem áður var. Utanríkisráðherra hefur ákveðið að Hjálmar W. Hannesson sendiherra og stjórnarmaður í Þjóðræknisfélaginu taki við starfinu af Atla. Félagið færir honum og Önnu konu hans árnaðaróskir og væntir mikils af samstarfi við þau hjón. (Mynd af Atla og Þrúði)

Atli Ásmundsson í kynningarferð um landið

Atli Ásmundsson í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Þjóðræknisfélagið hyggst á næstu 2-3 árum heimsækja öll þorp og kaupstaði á landinu og segja frá landnámi Íslendinga í Vesturheimi og kynnum sínum af afkomendum þeirra. Atli áformar að hefja heimsóknir sínar á Austurlandi í byrjun júní nk. Nánari upplýsingar um þessar heimsóknir verður að finna á heimasíðu ÞFÍ www.inl.is þegar nær dregur.

Mætið á aðalfundur ÞFÍ 17. apríl nk.

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga verður haldinn miðvikudaginn 17. apríl nk. í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu og hefst kl. 16.15. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 3. gr. laga félagsins, s.s. flutt skýrsla félagsstjórnar, reikningar félagsins lagðir fram, stjórnarkjör og önnur mál. Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra mun halda erindi að loknum aðalfundarstörfum. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á aðalfundinn.

Atli Ásmundsson í kynningarferð um landið

Í lok maí lætur Atli Ásmundsson aðalræðismaður í Winnipeg af störfum. Þjóðræknisfélagið færir Atla og konu hans Þrúði Helgadóttir sérstakar þakkir fyrir mikilvæg störf undanfarin níu ár.

Utanríkisráðherra hefur ákveðið að Hjálmar W. Hannesson sendiherra og stjórnarmaður í Þjóðræknisfélaginu taki við starfinu af Atla. Félagið færir honum og Önnu konu hans árnaðaróskir og væntir mikils af samstarfi við þau hjón.

Atli í samstarfi við utanríkisráðuneytið og Þjóðræknisfélagið hyggst á næstu 2-3 árum heimsækja öll þorp og kaupstaði á landinu og segja frá landnámi Íslendinga í Vesturheimi og kynnum sínum af afkomendum þeirra. Atli áformar að hefja heimsóknir sínar á Austurlandi í byrjun júní nk.

Nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðu ÞFÍ www.inl.is þegar nær dregur.